

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps.

Með vísan til 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. apríl 2002 staðfest sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps, í umdæmi sýslumannsins á Hólmavík, í eitt sveitarfélag, í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var á grundvelli 89. gr. sömu laga og að fenginni umsögn sveitarstjórna viðkomandi sveitarfélaga.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna tveggja skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum tveimur skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 25. maí 2002, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjóra skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær ákveða fjölda kjördeilda og kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega, að fenginni staðfestingu ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. apríl 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.